

Sp.

52. Fyrirspurnir.

[49. mál]

I. Til dómsmálaráðherra um útgáfu nýs lagasafns.

Frá Halldóri Blöndal.

Hvort er þess að vænta, að senn sjái fyrir endann á útgáfu nýs lagasafns, eða hversu verður henni háttað?

II. Til viðskiptaráðherra um ráðstafanir vegna myntbreytingar.

Frá Helga Seljan.

- 1) Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til að koma í veg fyrir, að myntbreytingin um s. l. áramót valdi sérstökum verðhækkunum, einkum á smærri vörum og minni háttar þjónustu, umfram aðrar verðhækkningar?
- 2) Hvernig hefur Verðlagseftirlitinu verið beitt til aðhalds og eftirlits?
- 3) Eru til frá Verðlagseftirliti samanburðarskýrslur varðandi ýmsar smærri vörur fyrir og eftir myntbreytingu, og ef svo er, hvað hafa þær þá leitt í ljós?
- 4) Hefur ráðuneytið leitað til Neytendasamtakanna varðandi mál þetta, og ef svo er, hvað hefur þá verið gert af hálfu samtakanna?